

# Siglingar í stríðinu

## 1940 - 1945

Þegar seinni heimsstyrjöldin braust út haustið 1939 hækkaði fiskverð og taprekstur togaranna snerist í gróða. Sigling með aflann yfir hafið til Bretlands var mjög áhættusöm á stríðsárunum. Um tíma fengu sjómenn sérstaka áhættubóknun fyrir að sigla. Aðrir kölluðu það „hræðslupeninga“. En hættan var raunveruleg. Togarinn Vörður frá Patreksfirði varð fyrir árás þýskrar orustuflygvélar úti fyrir Vestfjörðum 24. ágúst 1942. Kastaði vélin að því sprengjum og skaut af vélbyssum. Heppni var að skipsverjar voru flestir nýkomnir inn í borðsal og sluppu allir nema einn, sem varð fyrir vélbyssuskotum og dó. Togaranum Reykjaborg var sökkt og komust aðeins tveir menn af. Alls fórust 225 Íslendingar af völdum stríðsins, nær allir á sjó.

Þjóðin horfði bjartsýn fram á veg árið 1944 þegar Lýðveldið Ísland var stofnað. Lífskjör Íslendinga bötnuðu í stríðinu. Í upphafi stríðsins áttu Íslendingar 37 togara, en í lok þess voru 28 enn gerðir út. Endurnýjunar var þörf.

